

A.L. gegn Þýskalandi

Dómur frá 28. apríl 2005

Mál nr. 72758/01

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Sakleysi uns sekt er sönnuð. Bætur fyrir gæsluvarðhald.

1. Málsatvik

Kærandi er þýskur ríkisborgari, fæddur 1964 og rak bílaleigu í Þýskalandi. Þann 3. nóvember 1994 var kæranda tilkynnt að hafin væri rannsókn á meintum tryggingasvikum hans og þriggja annarra manna. Þann 4. nóvember 1994 var kærandi handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna gruns um að hann myndi reyna að torvelða rannsókn málsins. Þann 29. nóvember 1994 var hann leystur úr haldi með því skilyrði að kærandi hefði ekki samband við aðra sakborninga sem rannsóknin beindist að eða þau vitni sem tengdust málinu.

Ákæra var ekki gefin út á hendur kæranda. Hann krafðist bóta vegna gæsluvarðhaldsins en kröfu hans var hafnað 21. mars 2000 af undirrætti Í bréfi dómara við undirrættinn til lögmanns kæranda kom fram að hefði kærandi verið ákærður hefðu verið yfirgnæfandi líkur á sakfellingu hans. Í bréfinu var meðal annars vísað til sönnunargagna sem lágu fyrir í málum gegn öðrum sakborningum í málinu. Kærandi áfrýjaði dóminum en kröfu hans var hafnað af áfrýjunardómstólum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að rökstuðningur þýskra dómstóla fyrir því að hafna bótakröfu hans og efni bréfs dómara í máli hans endurspegluðu afstöðu um sekt hans án þess að hún hefði verið sönnuð að lögum. Taldi hann með þessu brotið gegn rétti sínum skv. 2. mgr. 6. gr.

Niðurstaða

Í niðurstöðu dómstólsins sagði að sú grundvallarregla sem fram kemur í 2. mgr. 6. gr. MSE sé brotin ef yfirlýsing opinbers starfsmanns felur í sér afstöðu um sekt sakbornings án þess að hún hafi verið dæmd að lögum. Dómstóllinn taldi ákvörðun um bótarétt vegna gæsluvarðhalds geta gefið tilefni til álitamála varðandi 2. mgr. 6. gr. ef rökstuðningur hennar þyrfti að fela í sér afstöðu til sektar sakbornings án þess að hún væri sönnuð að lögum. Dómstóllinn tók fram að hin umdeildu ummæli dómarsins hefðu ekki verið sett fram opinberlega heldur í bréfi sem var aðeins beint til lögmanns kæranda. Dómstóllinn taldi orðalag bréfsins vafasamt og óviðunandi. Innlendur áfrýjunardómstóll og stjórnlagadómstóll hefðu hins vegar tekið skýrt fram í niðurstöðum sínum í máli kæranda, að það væri í andstöðu við meginregluna um sakleysi uns sekt er sönnuð að telja hann sekan. Þá gæti höfnun bótakröfu vegna varðhalds eða framlengingar varðhalds ekki verið jafnað til refsingar eða annarra refsikenndra viðurlaga.

Með hliðsjón af málsatvikum, takmörkuðum afleiðingum hinnar umdeildu ummæla svo og því að æðri innlendir dómstólar tóku sérstaklega til skoðunar kröfur kæranda í ljósi 2. mgr. 6. gr. komst dómstóllinn einróma að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn rétti hans samkvæmt 2. mgr. 6. gr.